

# Afmælisvísur bangsapabba

## Kristján frá Djúpalæk þýddi

Thorbjörn Egner

F C B $\flat$  F  
 Í skóg - i veisl - a gjörð skal góð með gleð - i, söng og teit - i því  
 B $\flat$  F G $7$  C $7$   
 bangs - i okk - ar af - mæl - i nú á um þett - a leyti - i.  
 F F B $\flat$  B $\flat$   
 Kunn - ur hal - ur hær - u - grár verð - ur fimm - tíu ára í ár. Hæ,  
 C $7$  C $7$  C $7$  F  
 leng - i, leng - i lif - i hann sem list - ir all - ar kann.

2. Og dagur reis með kátan klið  
og kvak frá lóu' og presti.  
Og velkomna hann Bangsi bauð  
með brosi sína gesti.  
Bangsikarl, "god dag, god dag."  
Höldum bangsadag í dag.  
Hæ, lengi, lengi lifi hann  
sem listir allar kann.

3. Og dósir fjórar hérahjón til hófsins lögðu gylltar. Af berjasultu bestu þær til barma voru fylltar. Bangsa þykir eflaust æt krækiberjasultan sæt. Hæ, lengi, lengi lifi hann sem listir allar kann.

4. Frá músunum í Merkurbæ  
barst mikill sleikjupinni.  
Sjá, hann mun gott að huggast við  
í hiði sínu inni.  
Sofna við að sjúga hann  
gamla heiðurskempan kann.  
Hæ, lengi, lengi lifi hann  
sem listir allar kann.

5. Þá gamall elgur höfuð hyrnt  
þar hóf með öldungstini  
og flutt var ræða firnarsnjöll  
þeim fræga skógarsyni.  
"Góði Bangsi, kappinn knár,  
þú ert fimmtiu ára í ár.  
Hæ, lengi, lengi lifi hann  
sem listir allar kann.

6. Og ræðan klapp og húrra hlaut  
sem hrós, án keims of spotti.  
Og Rabbi perrði þakkartár  
í þögn með loðnu skotti.  
Húrra, landsins besti björn,  
skógarbúa skjól og vörn.  
Hæ, lengi, lengi lifi hann  
sem listir allar kann.

7. Þá hérans rödd með blænum barst:  
"Heyr, bangsinn gamli hrýtur."  
Öll skógardýrin skildu að  
hver skemmtan enda hlýtur.  
Bangsi, sæll þú sofa skalt.  
Þakkir fyrir allt og allt.  
Hæ, lengi, lengi lifi hann  
sem listir allar kann.